

Fimmtudaginn 17. apríl 1997.

Nr. 305/1996.

Kristján Ágústsson

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Niðurfelling máls. Áfrýjun. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1996. Endanlegar kröfur hans eru þær, að málið verði felld niður og hvor aðili látinn bera sinn kostnað af því fyrir Hæstarétti.

Endanlegar kröfur stefnda eru, að málið verði felld niður og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með vísan til kröfugerðar aðilanna er málið felld niður.

Stefndi höfðaði málið gegn áfrýjanda með héraðsdómsstefnu 13. febrúar 1995. Útivist varð af hálfu áfrýjanda við þingfestingu málsins 28. sama mánaðar og var því lokið 16. mars 1995 með áritun stefnu um aðfararhæfi krafna stefnda. Samkvæmt beiðni áfrýjanda var málið endurupptekið í héraði 13. júní 1995 eftir ákvæðum XXIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með hinum áfrýjaða dómi, sem kveðinn var upp 14. júní 1996, voru kröfur stefnda að nýju teknar til greina, og skaut áfrýjandi síðan málinu til Hæstaréttar, svo sem að framan greinir. Af hálfu áfrýjanda var þá ekki gætt að sérstöku skilyrði áfrýjunar í 3. mgr. 142. gr. laga nr. 91/1991. Með vísan til 2. mgr. 130. gr. sömu laga verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, en við ákvörðun um fjárhæð hans, sem greinir í dómsorði, er tekið tillit til þess, að stefndi bar ekki fyrir sig í skriflegum málatilbúnaði fyrir Hæstarétti, að sá annmarki væri á áfrýjuninni, sem áður er lýst.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er felld niður.

Áfrýjandi, Kristján Ágústsson, greiði stefnda, Búnaðarbanka Íslands, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
